

Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Hilmars Gunnlaugssonar um álag á staðgreiðsluskatta og virðisaukaskatt.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hvað fékk ríkissjóður greitt á hverju ári á tímabilinu 1999–2003 vegna álags skv. 1. tölul. 2. mgr. 28. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987?
2. Hvað fékk ríkissjóður greitt á hverju ári á sama tímabili vegna álags skv. 2. mgr. 27. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988?

Óskað er að svörin sýni greiðslur eftir umdæmum skattstjóra landsins.

1. Leitað var upplýsinga hjá embætti ríkisskattstjóra og Fjársýslu ríkisins. Frá upptöku staðgreiðslukerfisins árið 1988 fram til ársloka 2002 voru öll greiðslukerfi og greiðsluflæði í staðgreiðslunni í umsjón embættis ríkisskattstjóra. Á árunum 1997–1998 var ákveðið að frá og með árinu 1999 skyldi færa eldri eftirstöðvar til Fjársýslu ríkisins. Um áramótin 2002–2003 tók Fjársýslan að fullu við umsjón með álaginu. Því verður að skoða fyrirliðgjandi upplýsingar í samræmi við þetta. Allar tölur eru í millj. kr.

Ár	Reykja- vík	Reykja- nes	Vestur- land	Vest- firðir	Norður- land vestra	Norður- land eystra	Austur- land	Suður- land	Vestmanna- eyjar	Samtals
1999	116	56	7	12	3	15	9	12	5	235
2000	165	81	11	10	3	18	11	15	6	320
2001	223	100	12	13	5	19	11	24	6	413
2002	204	98	19	15	6	20	12	29	5	408
2003	*	*	*	*	*	*	*	*	*	397
2004	*	*	*	*	*	*	*	*	*	243
Samtals	708	335	49	50	17	72	43	80	22	2.016

* Tölur liggja ekki fyrir þar sem ekki var unnt að sundurgreina samtalsgreiðslur eftir umdæmum skattstjóra landsins.

2. Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkisskattstjóra var álagt álag skv. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 50/2988, um virðisaukaskatt, miðað við stöðu í nóvember 2004 eins og kemur fram í eftirfarandi töflu:

Álagt álag vegna virðisaukaskatts.											
Ár	Utan um- dæmis	Reykja- vík	Reykja- nes	Vestur- land	Vest- firðir	Norður- land vestra	Norður- land eystra	Austur- land	Suður- land	Vestmanna- eyjar	Samtals
1999	3	273	125	14	11	9	23	12	23	3	496
2000	6	351	165	19	16	12	28	15	33	5	650
2001	12	472	189	26	22	12	32	17	39	6	827
2002	12	539	188	32	24	11	28	16	44	5	899
2003	19	497	170	25	24	15	31	16	44	5	846
Samtals	52	2.132	837	116	97	59	142	76	183	24	3.718

Samkvæmt upplýsingum frá Fjársýslu ríkisins var greitt álag skv. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, vegna virðisaukaskatts, miðað við stöðu 20. nóvember 2004, svo sem greinir hér á eftir. Ekki var mögulegt við vinnslu upplýsinga að flokka greiðslur eftir skattumdæmum landsins.

Greitt álag vegna virðisaukaskatts.

Ár	Álag VSK	Bændur	Ársskil	Skemmri skil	Samtals
1999	273	8	3	0	284
2000	352	7	2	2	363
2001	411	7	2	3	423
2002	402	8	2	8	420
2003	339	6	1	3	349
2004	137	1	0	3	141
Samtals	1.914	37	10	19	1.980